

Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 10:00 mánudaginn 01. febrúar 2021, Teams fundur

Mættir stjórnarmenn: Viggó Jónsson formaður, Sigrún Hulda Sigmundsdóttir, Steinunn Heba Finnsdóttir, Örn Arnarson, Þórdís Bjarnadóttir og Tómas Árdal varamaður.

Áheyrnarfulltrúar: Álfhildur Leifsdóttir SSNV og Hilda Jana Gísladóttir SSNE

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri og Halldór Óli Kjartansson

Formaður setti fund sem er framhalsfundur frá síðasta fundi. Formaður fól svo framkvæmdastjóra að ganga til dagskrár.

Dagskrá:

Samningar vegna áfangastaðastofu

SSNE athugasemdir

SSNE sendi athugasemdir við samningsdrög. Voru þær ræddar og útskýrðar.

Ferli í samningum

Ferlið hefur ekki verið til eftirbreytni og er framkvæmdastjóri að taka það saman. Ekki er búið að þróa eða vinna að uppbyggingu eða áherslum samnings um áfangastaðastofur umfram það sem hefur verið rætt í byrjun ferlisins.

Framkvæmdastjóri kynnir helstu áfanga í ferlinu og útbýr minnisblað í kjölfarið.

Fjármagn á bakvið samning og aðalfundur

Fjármögnun í gegnum samninga liggur fyrir. Rætt var um skiptingu fjármagns og eru heildartölur lægri en væntingar stóðu til.

Rætt var um möguleika á auka aðalfundi.

Fulltrúar MN kynna samning og ræða innihald hans við stjórn SSNE ef þess er óskað.

Ferlið við gerð og undirritun saminga á að ljúka á næstu 5 mánuðum.

Samningur MN og SSNV/SSNE

Liður 6 ræddur í samningi milli MN og samtaka sveitarfélaga.

Liður aðlagður í samræmi við umræður á fundinum og samþykktur.

Liður 7 ræddur í samningi milli MN og samtaka sveitarfélaga.

Liður aðlagaður í samræmi við umræður á fundinum og samþykktur.

Samningur SSNE/SSNV samþykktur með fyrirvara á undirskift þegar liðir eru fullmótaðir.

Samningur ANR

Samningur gagnvart ANR er ræddur og framvkæmdastjóri leggur til að sá samningur sé ekki samþykktur fyrr en SSNE hefur lokið við sitt starf.

Samningstími ræddur og hversu stuttur hann er. Ekki var vilji hjá hinu opinbera að gera lengri samning en mikilvægt að halda því á lofti að lengri samningar séu vænlegrí.

Samningur SSNE/SSNV samþykktur með fyrirvara á undirskift þegar liðir eru fullmótaðir.

Staðaferðaþjónustunnar

Dagskrálið frestað til næsta fundar.

Önnur mál

Fleira ekki rætt og formaður sleit fundi kl 11:52.

Fundarritari HÓK